

Kynningarbréf Guðna Más Harðarsonar vegna framboðs til kirkjuþings 2022

Fjölbreytt reynsla

Ég er 41 árs gamall, þriggja barna faðir, giftur Ásdísi Björnsdóttur enskukennara. Ég býð mig fram til kirkjuþings eftir að hafa starfað sem prestur í 16 ár og sótt viðbótarnám í Luther Seminary. Ég hef brennandi áhuga á starfi og þjónustu kirkjunnar og hef öðlast ýmsa reynslu í félagsmálum. Ég hef t.d. setið í stjórn Biblíufélagsins frá 2016 og verið gjaldkeri þar undanfarin fjögur ár. Æskulýðs og útgáfumál eru mér hugleikin en ég sat í stjórn ÆSKR til 8 ára, í stjórn Ölvers sumarbúða sem gjaldkeri í 10 ár og stjórn Skálholtsútgáfunnar í 4 ár.

Ráðdeild í fjármálum

Ég sé hverja krónu sem kirkjan hefur úr að spila sem traust sem okkur er falið og nýta ber af kostgæfni. Ég er á móti hvers kyns bruðli og tel ekki að skrifstofur eða húsnæði marki mest ásýnd kirkjunnar heldur góður mannauður. Ég mun ekki styðja rekstraráætlanir sem reka kirkjuna í tapi, það veltir vandanum áfram og þýðir að gera þarf stærri niðurskurð síðar meir.

Mannauður frammar glæsihýsum

Biskupsstofa á ekki að leigja húsnæði fyrir 72 milljónir á ári eða fyrir um 200 þúsund krónur á dag. Fyrir slíka afborgun hefði t.d. verið hægt á einungis 6 árum að kaupa og borga upp 300 milljóna króna húsnæði. Annan skynsamlegan kost tel ég vera að leigja skrifstofuhúsnæði af söfnuði eða hógværra skrifstofuhúsnæði á ódýrari svæðum.

Ég er opin fyrir því að selja eignir en tel rangt að gera það til að mæta rekstrartapi, ef eignir eru seldar þarf að nýta peningin í að búa til sjóði, höfuðstóla sem nýta má ávöxtun frá til að að ýta undir nýsköpun og framþróun í kirkjustarfi.

Öflugt æskulýðsstarf og sérþjónusta

Æskulýðsstarf er mér hugleikið og ég trúi því að án unga fólksins verði kirkjan gömul. Ég vil forgangsraða fjármunum til að efla æskulýðsstarf. Stofnun sjóðs sem úthlutar einungis til framþróunar æskulýðsstarfs mun styðja við nýsköpun, námskeiðahald og eflingu æskulýðsstarfs. Sérþjónustan er mikilvæg og gegna sérsþjónustuprestar, hjálparstarfið og fjölskyldu og sálgæsluþjónustan lykilhlutverki.

Verkfæri til að styðja við skráningu í Þjóðkirkjuna

Ég er sannfærður um að staða kirkjunnar og samningsstaða hennar þegar núverandi Kirkjujarðasamningur rennur út eftir tólf og hálf ár, mun ekki síst ráðast af því hversu vel okkur tekst til að halda í og bæta við meðlimafjölda í Þjóðkirkjunni. Þegar fólk leitar eftir prestsþjónustu liggja mikil tækifæri til að bjóða því að skrá sig í Þjóðkirkjuna. Kirkjan á að leggja söfnuðum til verkfæri sem ýta undir að fólk skrái sig í Þjóðkirkjuna. Öflugt skráningarkerfi sem heldur utan um skráningu í fermingarfræðslu og annað safnaðarstarf hefur reynst mjög hjálplegt í Lindasókn þar sem ég starfa. Fyrirhafnarlausum skráningum í Þjóðkirkjuna hefur fjölgað mjög eftir að söfnuðurinn fjárfesti í kerfinu. Sóknarnefndin okkar niðurgreiðir ferðir fermingarbarna sem eru skráð í Þjóðkirkjuna en þau sem kjósa að standa

utan greiða fullt verð. Þannig hafa bæði komið inn auka tekjur frá þeim sem velja að tilheyra öðrum trúfélögum en einnig hafa tugir, árlega, ákveðið að skrá sig í Þjóðkirkjuna, enda séð beinan og tafarlausan ávinning af því að tilheyra Þjóðkirkjunni. Þjóðkirkjan á að tryggja öllum söfnuðum aðgang slíku kerfi óháð stærð þeirra.

Aðlaðandi kostur fyrir nýja Íslendinga

Ætli Þjóðkirkjan að halda í hlutfall landsmanna sem tilheyra henni verður hún að vera aðlaðandi kostur fyrir nýja Íslendinga. Forgangsraða þarf starfsfólki sem vinnur í og með alþjóðasöfnuðinum og Íslendingum að erlendum uppruna. Þjóðkirkjan verður, á næstu fjórum árum, að ráða starfsfólk sem kann pólsku eða önnur tungumál nýrra Íslendinga. Í samstarfi við þau sem sinna málaflokknum þarf að finna leiðir til að laða nýja Íslendinga að Þjóðkirkjunni þannig að þau vilji tilheyra henni og sjái hag í að bjóða öðrum að gerast meðlimir hennar.

Er kirkjuþing besta leiðin?

Kirkjuþing og rekstur þess kostar tugi milljóna árlega. Það er umhugsunarefni að kirkjuþing kosti meira en til dæmis samanlögð sóknargjöld Breiðholts-, Hjalla- og Grindarvíkursóknar á ári hverju. Kirkjuþingsfulltrúar fá vel greitt fyrir að sitja kirkjuþing en engu að síður náðist ekki framboð í nema í helming þeirra sæta sem leikmenn munu skipa. Getur verið að fjöldi þingdaga sé of stór þröskuldur fyrir áhugasamt fólk? Þjóðkirkjulögin hafa fest Kirkjuþingsfyrirkomulagið í sessi en ég tel auðvelt að spara í rekstri kirkjuþings. Ég vil skoða með opnum hug, hvort betri leiðir séu færar en kirkjuþing til að stýra og taka lýðræðislegar ákvarðanir um fjármuni og lög kirkjunnar. Rauði Kross Íslands, Landsbjörg og KSÍ eru dæmi um samtök, með þétt net undirfélaga um allt land, sem senda fulltrúa sína til að taka sameiginlegar ákvarðanir á lýðræðislegan hátt. Þetta tekst þeim að gera með: a) mun fleiri og virkari fulltrúum, b) skilvirkari hætti og c) fyrir mun lægri kostnað og umstang en kirkjuþingsfyrirkomulagið. Það er þess virði að hugsa hvort við lært eitthvað af þessum félögum.

Ég mun vinna af heilindum

Ég óska eftir stuðningi þínum og náí ég kjöri til kirkjuþings mun ég beita mér fyrir ofangreindum málefnum, ásamt því að leggja öðrum góðum málum lið og heiti því að vinna af heilindum, skynsemi og yfirvegum.

Í Guðs friði, Guðni Már Harðarson